

Nd.

147. Frumvarp til laga

[114. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands isl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1967 um breyting á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960 var þáverandi skipan verðlagsnefndar breytt og skyldi hin nýja skipan gilda til ársloka 1968. Síðan hefur umboð nefndarinnar verið framlengt fjórum sinnum með lögum, fyrst fyrir árið 1969 með lögum nr. 86 frá 31. desember 1968, næst fyrir árið 1970 með lögum nr. 100 frá 31. desember 1969, því næst fyrir árið 1971 með lögum nr. 97 frá 29. desember 1970 og síðast fyrir árið 1972 með lögum nr. 94 frá 24. desember 1971. Með síðastgreindum lögum var jafnframt gerð minniháttar breyting á skipan nefndarinnar. Umboð verðlagsnefndar fellur niður 31. desember n. k.

Með þessum lögum er ætlunin að framlengja enn umboð verðlagsnefndar, en sú breyting er gerð frá fyrri tilhögun, að framlenging umboðsins er ekki bundin við tiltekinn tíma.